

Verk- og kostnaðaráætlun vegna tillagna starfshóps um aðgerðaáætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi

Haustönn 2023

Fræðsla:

1. Fræðsla fari fram á öllum miðstöðvum fyrir stjórnendur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skrifstofu skóla- og frístundasviðs um rasisma og hatursorðræðu.
 - a. Fræðsla frá Mirru um fordóma, rasisma, áskoranir og úrlausnir og frá Semu Erlu Serdan um hatursorðræðu.
 - b. Fræðslupakki x 5 skipti.

Kostnaður:

Alls 1.118.200 kr. á haustönn 2023.

Sema Erla Serdan: 5x90 mín = 400.000 kr.

Mirra: 5x120 mín = 718.200 kr.

Kostnaður rúmast innan fjárhagsheimilda skóla- og frístundasviðs 2023.

2. Að brúarsmiðir og aðrir lykilstarfsmenn skóla- og frístundasviðs á þessu sviði komi inn á nýliðafræðslu og tali um hvernig hægt sé að sporna gegn rasisma og hatursorðræðu.
 - a. Fræðsla fyrir nýja starfsmenn í leikskólum, grunnskólum, á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum.
 - b. Erindi um fjölmenningu, fordóma, hatursorðræðu og hugtakanotkun.

Kostnaður:

Enginn viðbótarkostnaður. Forgangsröðun verkefna hjá starfsmönnum.

Verkferlar:

1. Stofnaðir verði fjórir starfshópar til að vinna áfram verklag fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar og starfsfólk út frá drögum í skýrslu aðgerðahóps gegn rasisma.
 - a. Starfshópar verða að vera þannig skipaðir að fulltrúar geti bæði tekið þátt í umræðu á faglegum grundvelli sem og vegna persónulegrar reynslu. Lagt er til að fulltrúar starfshópa búi yfir fjölbreyttum tungumála- og menningarbakgrunni.

Kostnaður:

Enginn viðbótarkostnaður. Forgangsröðun verkefna hjá starfsmönnum.

Vorönn 2024

Fræðsla:

1. Fjarfræðsla (myndbönd) frá Antirasistum, Hvaðan ertu? og Semu Erlu Serdar inn á Torgið.

Kostnaður:

Leitast verði við að fá tilboð frá ofangreindum aðilum á haustönn 2023 og kostnaður komi inn á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2024.

2. Að útbúin verði matseðill af fræðslu sem er í boði fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

Kostnaður:

Enginn viðbótarkostnaður.

Verkferlar:

1. Starfshópar skila af sér tillögum að veggspjöldum, sem síðan eru fullunnar, sendar í prent og dreift á allar starfsstöðvar.

Kostnaður:

Prentunarkostnaður. Kostnaður komi inn á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2024.

Haustönn 2024:

Fræðsla:

1. Fræðsla á starfsstöðvum
 - a. Miðlægur fræðslupakki inn í allar hverfamiðstöðvar fyrir starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva frá Antirasistum, Hvaðan ertu? og Semu Erlu Serdar

Kostnaður:

Leitast verði við að fá tilboð frá ofangreindum aðilum á haustönn 2023 og kostnaður komi inn á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2024.

2. Fræðsla fyrir foreldra þvert á hverfi
 - c. Fræðslumyndbönd um hugtakanotkun og birtingaform fordóma. Fræðsla frá Anti-rasistum og Semu Erlu Erdan um haturstjáningu.
 - d. Starfsstöðvar sameinist um að bjóða upp á fræðslu fyrir foreldrahópa þvert á starfstöðvar innan sama borgarhluta

Kostnaður:

Leitast við að fá tilboð frá ofangreindum aðilum á haustönn 2023 og kostnaður komi inn á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2024.